

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 204/2013

2014/EES/19/26

frá 8. nóvember 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 428/2013 frá 8. maí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 929/2010 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 428/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 929/2012 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66wc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006):
„– **32013 R 0428**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 428/2013 frá 8. maí 2013 (Stjtíð. ESB L 127, 9.5.2013, bls. 23).“
2. Texti fyrsta undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 929/2010) í lið 66wc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1033/2006) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 428/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 127, 9.5.2013, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 273, 19.10.2010, bls. 4.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.